

Mál nr. 21/2014
X
vegna ólögráða dóttur sinnar M
og V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Orsakatengsl vegna mögulegs líkamstjóns í árekstri 29. október 2007.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. janúar 2014.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu varð árekstur með bifreið sem M var farþegi í og bifreiðinni A, þar sem síðarnefndu bifreiðinni var ekið í veg fyrir hina fyrrnefndu við akstur í gegnum Búðardal þann 29. október 2007. Af myndum af vettvangi má ráða að ákoma hafi verið á hægri hlið bifreiðarinnar sem M var farþegi í en hún sat í miðju aftursæti bifreiðarinnar. Af gögnum málsins og málatilbúnaði V er ekki deilt um ábyrgð eiganda A á mögulegu tjóni vegna árekstursins, þ.e. bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu hjá V. Ágreiningur er hins vegar um hvort M, sem var átta ára gömul á slysdegi, hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum.

M telur að sannað sé að hún hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. M hafi leitað til læknis á slysdegi og þar hafi verið talað um hálsþnykk og í vottorði heimilislæknis komi fram það álit hans að einkenni M í dag svari til umferðarslyssins og skaði hennar sé varanlegur. Öll læknisfræðileg gögn, önnur en matsgerð dags. 31. maí 2013 styðji þessa niðurstöðu heimilislæknisins.

V telur að ekki sé sannað að orsakatengsl séu milli kvartana M nú og fyrrnefnds áreksturs og vísar fyrst og fremst til niðurstöðu tveggja matsmanna dags. 31. maí 2013 þar sem kemur fram að orsakasamhengi sé ekki til staðar milli kvartana M í dag og afleiðinga árekstursins 29. október 2007.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort meiri líkur eða minni eru á því að líkamstjón hafi orðið í árekstrinum 29. október 2007. M leitaði læknis þann dag í Búðardal en af gögnum málsins verður ekki ráðið að hún hafi leitað næst læknis fyrr en á árinu 2010 þegar hún fékk beiðni um sjúkrahjálfun, sem og á árinu 2012, vegna m.a. almennra höfuðverkjaeinkenna og stifleika í hálsi og herðum. Í gögnum málsins liggur fyrir mat tveggja lækna á því að orsakatengsl séu ekki fyrir hendi milli einkenna M í dag og árekstursins í október 2007. Heimilislæknir M telur að orsakatengsl séu fyrir hendi. Á M hvílir sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í umræddum árekstri. Þegar læknisfræðileg gögn málsins eru virt verður mati tveggja matslækna ekki hnekk með tilvitnuðu álitni heimilislæknis. M hefur ekki leitt nægar líkur að því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.